


Ársskýrsla 2013



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports





Vorkvöld við sæinn

Hér glitrandi úthafsins öldurnar gæla við steina og gjálfrandi leika við þarann og fjörunnar sand. Nú blikandi í dansi og léttleika brotnar við hleina, sú bára í kvöldsólar geislum er mynnist við land.

Pegar sunna á himninum lækkar og sígur í hafið eftir sólríkan dag út við glitrandi lognkyrran fjörð falla kvöldroða geislar á kristallað lágskýja trafið en kyrrðin er algjör og friður um gjörvalla jörð.

Nú sestur er fuglinn og söngurinn hljóðnar í bili, það sígur á höfgi og hvíldin er kærkominn senn, þó leikur sér blærinn og lækurinn hjalar í gili, því látlaust hann vakir á vegferð til sjávarins enn.

Dagbjartur Sigursteinsson



Frá stjórnarformanni



Seint í desember á síðasta ári var listaverkið Púfa vígt vestan við gamla hafnarmynnið í Reykjavík, nánar tiltekið við suðausturgafli nýrrar kæli-geymslu HB Granda hf. „Púfan“ er 8 metra há, þvermál hennar er 26 metrar og hún vegur 5000 tonn. Efst á henni er lítil fishjallur sem er upplýstur

á veturna. Púfan er þegar orðin eitt helsta kennileiti Gömlu hafnarinnar. Hún er verk Ólafar Nordal en hún vann samkeppni sem HB Grandi hf. hélt að tilhlutan Faxaflóahafna sf.

Púfan er á útivistarsvæði við höfnina í umsjón Faxaflóahafna sf. Hún á sér rætur í íslenskri menningu og felur um leið í sér alþjóðleg minni um íhugunar og tilbeiðslustaði, eins og listamaðurinn hefur sjálfur orðað það. Ólöf hefur sagt að hinn fjölmenningslegi heimur fiskvinnslunnar við Vesturhöfnina, þar sem talaður er fjöldi tungumála, hafi orðið sér innblástur. Púfan er táknaður fyrir aðdráttarafl hafnarinnar og hinn mikla metnað sem ríkir meðal margra fyrirtækja sem þar starfa. Í næsta nágrenni við Púfuna eru nokkur öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Þar á sér stað verðmætasköpun á heimsmeiðisvarða í krafti þekkingar, hugvits og hátæknivæddra framleiðslu-fyrirtækja.

Þess var minnst að árið 2013 eru 100 ár síðan hafnargerðin hófst í Reykjavík. Að því tilefni stóð fyrirtækið fyrir því að ráða Guðjón Friðriksson, sagnfræðing til að skrifa sögu hafnanna. Hið glæsilega rit hans „Hér heilsast skipin“ kom út á árinu. Hafnargerðin var aðgöngumiði borgarinnar að nútímanum. Sá nútími byggði og byggir umfram allt á tæknivæddri framleiðslu, öflugri verslun og hraðvirkum samgöngum. Oft er talað um að hafnargerðinni hafi lokið árið 1917 en í raun verður henni aldrei lokið meðan þar er lifandi starfsemi í þjóðfélagi sem breytist ört.

Kröfur til þjónustufyrirtækja á borð við Faxaflóahafnir sf. aukast sífellt, eins og von er. Hafnirnar þjóna trillukörlum, hvalaskoðunarfyrirtækjum, stórum togurum, hátæknivæddri fiskvinnslu, stærstu inn- og útflutningsfyrirtækjum landsins og stóriðjufyrirtækjum. Kröfur hinna fjölbreyttu viðskiptavina snúast um skilvirka þjónustu og góða aðstöðu. Eigendur fyrirtækisins, 4 sveitarfélög, gera á sama tíma kröfur um hagkvæman rekstur og arðgreiðslur. Þessi ársskýrsla, eins og svo margar áður, sýna að Faxaflóahafnir sf. eru vel rekið og ábyrgt fyrirtæki.

Faxaflóahafnir sf. hafa á undanförunum árum lagt sérstaka áherslu á umhverfismál. Fyrirtækið hefur tekið þá stefnu að sýna ávalt frumkvæði í þeim málaflokk. Mikilvægt skref var tekið árið 2012 þegar Faxaflóahafnir sf. mótuðu sér heildstæða umhverfisstefnu. Þeirri stefnu var fylgt eftir árið 2013 meðal annars með því að teymi óháðra sérfræðinga var ráðið til að gera úttekt á mengunarmælingum á stóriðjusvæðinu við Grundartanga. Niðurstöðurnar voru þær að rétt væri staðið að mælingum, þær sýndu réttar niðurstöður og að mengunars- staðlar væru í takt við alþjóðlega staðla. Þeir væru jafnvel ívið strangari hér á landi. En skýrslan sýndi líka að mengun vegna brennisteinstvíoxíðs væri að ná þölmörkum við jaðar svæðisins. Þessar niðurstöður hafa síðan reynst fyrirtækinu vel við val á iðnaðarfyrirtækjum inn á Grundartanga. Ekki kemur til greina að fá þangað fyrirtæki sem auka brennisteins- og flúormengun.

Í júní 2014 undirrituðu forsvarsmenn Faxaflóahafna sf. og bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials viljayfirlýsingu um að fyrirtækið reisi kísilverksmiðju á Kataneslandi við Grundartanga sem framleiðir sólarkísil fyrir sólarrafhlöður. Framleiðslan byggir á nýrri tækni sem gerir það að verkum að loftmengun frá starfsemiinni verður sama og engin. Þessi starfsemi skapar um 400 störf. Talsmenn Silicor fóru ekki leynt með þá skoðun sína að metnaðarfull umhverfisstefna Faxaflóahafna sf. væri þeim mjög að skapi. Hin hátæknivædda, umhverfissvæna framleiðsluáðferð, sem þeir hafa þróað, á að skapa fyrirtækinu mikilvægt markaðsforskot.

Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.



Ávarp hafnarstjóra



Árið 2013 var Faxaflóahöfnum sf. gott ár um flest. Afkoma fyrirtækisins var vel viðunandi og góðum áföngum var náð í endurnýjun og frekari uppbyggingu hafna fyrirtækisins. Árið markaði þau tímamót að fyrir eitthundrað árum var hafist handa við hafnargerð í Reykjavík og á þeirri öld sem liðin er hefur þróunin verið bísna hröð.

Gamla höfnin í Reykjavík iðar

af lífi á sjó og landi, Sundahöfn er megin vörugátt til og frá landinu, áframhaldandi þróun er á Grundartanga og á Akranesi en í Borgarnesi er að kvikna líf með endurgerð Grímshússins. Á síðustu árum hafa Faxaflóahafnir sf. búið þannig í haginn á öllum hafnarsvæðunum að þar megi þróast fjöl-skrúðugt athafnalíf og mannlíf og tækifærin framundan eru margvísleg.

Faxaflóahafnir sf. byggja afkomu sína á traustu starfsfólki, öflugum mannvirkjum, landrými og fjölbreyttum tekjustofnum. Þessir þættir gera það að verkum að á hafnarsvæðum fyrirtækisins þróast atvinnulíf sem er hornsteinn í efnahagslífi langt út fyrir ramma hafnarsvæðanna. Því hlutverki fylgir margvísleg ábyrgð. Búa þarf í haginn fyrir áframhaldandi þróun sem byggjast verður á virðingu fyrir umhverfinu og þeirri samfélagslegu ábyrgð sem á starfseminni hvílir. Við stofnun Faxaflóahafna sf. voru sett ákveðin leiðarljós, sem nú er tímabært að endurnýja. Á grundvelli samhljóma stefnu eigenda til lengri tíma munu gefast tækifæri sem skila munu samfélaginu ávinningi.

Við fyrstu sýn ætla einhverjir að hafnarrekstur sé einsleit starfsemi, en svo er þó ekki. Snertifletir starfseminnar við fjölbreyttan atvinnurekstur, skipulags- og umhverfismál, stjórn-endur fyrirtækja og almenning eru margir og síbreytilegir.

Faxaflóahafnir sf. hafa þannig verið þátttakendur í þróun samfélagsins en einnig þurft að laga sig að breyttum viðhorfum og sjónarmiðum. Það er tilfinning okkar hjá Faxaflóahöfnum sf. að þrýðilega hafi gengið mæta þessum áskorunum vitandi að í breytilegu samfélagi bætast sífellt við ný verkefni og viðhorf.

Það er Faxaflóahöfnum sf. mikilvægt að þekking á rekstri og þörfum hafnanna sé almenn og um leið að íbúar sveitarfélaganna séu um leið meðvitaðir um mikilvægi starfseminnar. Í þessu efni er það hluverk okkar að upplýsa og fræða eins og kostur er. Um langt árabil hafa Faxaflóahafnir sf. staðið fyrir „Sjóferð um Sundin“ þar sem öllum nemendum 6. bekkjar grunnskólanna á starfssvæði fyrirtækisins, er boðið í siglingu og fræðslu. Þetta verkefni er dæmi um gott innlegg til að kynna ungu fólki hversu hafið og hafnir eru mikilvægur þáttur í lífsbjörg og velferð Íslendinga. Þá hafa Faxaflóahafnir sf. staðið myndarlega að uppbyggingu Íslenska sjávarklasans í Bakkaskemmu, en þar hefur þróast fjölbreytt samfélag smærri framleiðslufyrirtækja sem tengd eru sjávarútvegi. Þar er einnig lögd áhersla á fræðslu ungs fólks um þau tækifæri sem eru í sjávarútvegi og útgerð. Það er Faxaflóahöfnum sf. mikilvægt að taka þátt í þróun sem byggist á þekkingu, reynslu og kunnáttu þeirra sem ýmist útgerð, fiskvinnslu eða flutningastarfsemi, sem tengist hafnarsvæðunum. Á þessum fjölskrúðuga vettvangi eru tækifæri og höfn getur í þessum efnum verið hreiður sem fóstrar hugmyndir og skapar jarðveg til framfara.

Fæstir átta sig á því hversu viðtækt flutninganet íslenskra fyrirtækja er á sjó og í lofti, en í því neti felast mikil verðmæti og gríðarlegir möguleikar. Faxaflóahafnir sf. einn mikilvægasti hlekkurinn í flutningum á sjó til og frá landinu. Framundan eru stór verkefni sem styrkja munu möguleika okkar og tækifæri í flutningum og þær breytingar sem við sjáum að eiga munu sér stað allt umhverfis landið kalla á að við séum reiðubúin til þess að sinna hlutverki okkar þannig að best gagnist. Það er því sama hvert lítið er - verkefni og tækifærin eru fyrir hendi, en kúnstun að stíga réttu skrefin á réttum tíma.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 27. júní 2014

Inngangur

Rekstur og framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf. og afkoma fyrirtækisins voru á árinu 2013 í öllum aðalatriðum samkvæmt því sem lagt var upp með í áætlun ársins. Rekstrarafkoma var reyndar heldur betri en gert var ráð fyrir, tekjur umfram áætlun og rekstrargjöld undir áætlun.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2013 eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 17. maí 2013 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Hjálmar Sveinsson, *formaður*
Páll Hjalti Hjaltason, *varaformaður*
Júlíus Vífill Ingvarsson
Oddný Sturludóttir
Þorbjörg Helga Vígfúsdóttir

Varamenn: S. Björn Blöndal
Arna Garðarsdóttir
Gísli Marteinn Baldursson
Dagur B. Eggertsson
Kjartan Magnússon

Áslaug Friðriksdóttir var í október 2013 tilnefnd í stað Gísla Marteins Baldurssonar.

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Sveinn Kristinsson
Varamaður: Einar Benediktsson
Áheyrnarfulltrúi: Gunnar Sigurðsson
Vara áheyrnarfltr. Einar Brandsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Sigurður Sverrir Jónsson
Varamaður: Ása Helgadóttir

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður: Páll Brynjarsson
Varamaður: Geirlaug Jóhannsdóttir

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:

Aðalmaður: Erlingur Þorsteinsson
Varamaður: Þorsteinn Freyr Friðbjörnsson

Afkoma ársins 2013

Afkoma ársins 2013 var viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Tekjur voru 247,1 mkr. umfram áætlun en rekstrarútgjöld undir áætlun. Þá voru fjármagnsliðir nokkuð undir fjárhagsáætlun. Hagnaður ársins 2013 varð meiri en áætlað hafði verið eða sem nemur 278,3 mkr.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2013 voru kr. 2,8 Ma.kr. sem er 4,1% hækkun tekna á milli árunna 2012 og 2013. Hafa þó huga að á árinu 2012 voru óreglulegar tekjur 117,5 mkr. en ef aðeins er horft til reglulegra tekna er hækkun tekna á milli ára 8,8%. Megin aukning tekna liggur í vörugjöldum, vegna aukinna flutninga og skipa- og hafnarþjónustu og vegna stærri skipa sem komu til hafnar, einkum skemmtiferðaskipa. Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2013 voru kr. 2,2 Ma.kr. og eru þau nánast óbreytt á milli ára og um 40,0 mkr. undir áætlun.

Að teknu tilliti til fjármunaliða var rekstrarhagnaður ársins 2013 alls 587,6 mkr. sem er 220,2 mkr. betri niðurstaða en árið 2012. Niðurstaða ársins varð því betri sem nemur 278,3 mkr. ef miðað er við fjárhagsáætlun.

Eignir voru í árslok samtals 13,1 Ma.kr. og hækka lítillega á milli ára. Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 1,4 Ma.kr. og lækka á milli ára um 217 milljónir.

Skammtímaskuldir hækkuðu um 44,8. Handbært fé frá rekstri var 1,3 Ma.kr. og 209,6 mkr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga hækkaði handbært fé um 210,7 mkr. og var í árslok 888,9 mkr.

Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2013

Skipting fjárfestinga eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

	Fjárhæð	Skipting
Gamla höfnin	269,6	31,0%
Sundahöfn	309,9	35,7%
Grundartangi	257,7	29,7%
Akranes	1,3	0,1%
Tæki og búnaður	30,4	3,5%
Alls	868,9	100%

Millj.kr.

Gamla höfnin: Unnið var að gatnagerð á Norðurgarði í tengslum við byggingu HB Granda hf. á nýrri frystigeymslu og áfram var haldið við umhverfisbætur og frágang í Vesturbugt. Þá var lokið við 2. áfanga af þremur vegna endurnýjunar efri hæðar Bakkaskemmu þar sem Sjávarklasinn er með starfsemi. Ráðgert er að lokaáfangi endurnýjunar efri hæðar Bakkaskemmu verði lokið á árinu 2014. Þá var einnig unnið að umhverfisbótum við Bakkaskemmu með endurnýjun gangstéttar.

Sundahöfn: Á árinu 2013 var lokið við lengingu Skarfabakka um 200 metra og bakkinn tekinn í notkun í byrjun júlímánaðar það ár. Í framhaldi var boðið út verkefni við lagnir og gatnagerð á Korngörðum, sem er hluti verkefnisins á Skarfabakka. Haldið var áfram undirbúningi við gerð hafnarbakka utan Klepps, en þar er ráðgert að byggja nýjan 500 metra bakka á árunum 2015 til 2018. Fyrir liggur að verkefnið þarf ekki að fara í umhverfismat, en þar sem ráðgert er að á bakkanum verði gámakrani á spori þarf að hanna bakkann í samstarfi við Eimskip hf.



„Heimar í heimi“ eftir Sigurð Guðmundsson



Skreiðarhjallur á toppi Púfunnar.



Grundartangi: Unnið var að undirbúningi lengingar Tangabakka um liðlega 100 metra og keypt stálþil til þeirrar framkvæmdar. Niðurrekstri stálþilsins verður lokið á síðustu mánuðum ársins 2014 og bakkinn væntanlega tekinn í notkun á árinu 2015. Þá var unnið að lóðaframkvæmdum og gatnagerð á Grundartanga. Auk þeirra verkefna sem unnið var að á Grundartanga voru fjárfestingar á vegum Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar sf. 50,5 mkr. en það var á grundvelli samkomulags við ELKEM Island ehf. unnið að gerð dæluhúss og lagna í samstarfi við Hvalfjarðarsveit, en sú aðgerð tryggir betur en verið hefur vatnsbúskap á Grundartanga og við Hagamel í Hvalfjarðarsveit.

Á Akranesi og í Borgarnesi var unnið að minniháttar lagfæringum og umhverfisbótum.



Akranes.



Sundahöfn.



Grundartangi.

Skipulags- og lóðamál

Merkja mátti aukna lóðæftirspurn á árinu 2013. M.a. var úthlutað lóð við Korngarða undir kæligeymslu, sem hafist verður handa við að reisa á haustdögum 2014. Áfram var rætt við Björgun ehf. um flutning fyrirtækisins úr Sævarhöfða, en viðræðum þar að lútandi lauk ekki á árinu. Á Grundartanga var óskað eftir breytingu á aðalskipulagi lands á austursvæði vegna áhuga fyrirtækisins Silicor á að reisa sólar kísilverksmiðju þar. Þá vann Landsnet ehf. að byggingu launafsvirkis á Grundartanga og lauk því verkefni í byrjun árs 2014, en virkið eykur verulega afhendingaröryggi á rafmagni á Grundartanga og í nærliggjandi sveitarfélögum.

Þá var samþykkt nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík, sem verður leiðarvísir um landnotkun fyrir Faxaflóahafnir sf. á næstu árum.

Umhverfismál

Á grundvelli umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. ákvað stjórn Faxaflóahafna sf. að láta gera umhverfisúttekt á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Til verkefnisins voru fengnir Guðjón Jónsson, efnaverkfræðingur, Jón Guðmundsson, líffræðingur og Sigurður M. Garðarsson, deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands. Úttektinni var skilað til stjórnar Faxaflóahafna sf. í maímánuði 2013 og er niðurstaða úttektarinnar í aðalatriðum eftirfarandi:

- a) Þær umhverfismælingar sem gerðar hafa verið samkvæmt umhverfisvöktun svæðisins eru réttar.
- b) Miðað við íslenskar viðmiðanir eru magn brennisteinstvíoxíðs komið að mörkum.

Á grundvelli niðurstaðna úttektarinnar hafa Faxaflóahafnir sf. því lagt til breytingu á landnotkun hluta svæðisins að athafnasvæði verði breytt í iðnaðarsvæði með þeim takmörkunum að ný starfsemi hafi ekki í för með sér útblástur sem auki á magn brennisteinstvíoxíðs og flúors. Með þeirri stefnumörkun er því horft til annars konar starfsemi inn á svæðið en fyrir er og horft til starfsemi sem hefur í för með sér lágmarks umhverfisröskun.

Faxaflóahafnir sf. hafa á grundvelli samkomulags við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri látið vakta sjávargæði á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins og er niðurstaða þess almennt jákvæð og sjávargæði góð.




Ungir og gamlir að leika á Hátíð hafsins.

Anditsmálun á Hátíð hafsins.

Tölfræði


Helstu tölur varðandi flutninga, afla og skipakomur sýna að vöruflutningar hafa aukist lítillega á meðan fjöldi skipa yfir 100 brt. sem koma til hafnar er nánast sá sami á milli ára. Heildarafli ársins 2013 er nokkru minni en var árið 2012.

Vöruflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. (tonn)




Á árinu 2013 komu alls 1.472 skip yfir 100 brt. til Faxaflóahafna sf. og er það örflit aukning á milli ára. Veruleg aukning er hins vegar í fjölda brúttótonna milli árána 2011 og 2012 þar sem sífellt stærri skemmtiferðaskip leggja leið sína til Reykjavíkur. Brúttótonnafjöldi skipa á árinu 2013 var 8,7 milljónir tonna, sem er 3,3% aukning frá árinu 2012, en 25% aukning frá árinu 2011.

Skipakomur 2007–2013



Ágæt þróun hefur átt sér stað á síðustu árum varðandi komur skemmtiferðaskipa, en komum þeirra hefur fjölgað og farþegum fjölgað auk þess sem þau skip sem koma nú til Íslands eru stærri en áður. Útlit er fyrir að þessi þróun haldi áfram.

Komur skemmtiferðaskipa og fjöldi farþega



Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2007 til 2013 er eftirfarandi:

Fiskur	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Reykjavík	110.377	107.803	105.044	108.968	114.869	109.134	111.322
Akranes	65.632	25.071	24.833	34.708	34.218	46.359	28.610
Alls	176.009	132.874	129.877	143.676	149.087	155.493	139.932



Gumbjörn Marinósson

Það var margt skemmtilegt að skoða á Hátíð hafsins.

Í lok árs 2013 voru 63 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins um 68.

Störf	2011	2012	2013
Hafnarþjónusta	31	32	32
Bækistöð	14	13	13
Tæknideild	3	3	3
Skrifstofa	12	12	12
Fasteignir	1	2	2
Siglingavernd – Umhverfismál	1	1	1
Alls	62	63	63

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 1–2 til í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði.

Ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild í ágætum árangri árið 2013.

Ýmis atriði

Á árinu 2013 var lokið ritun sögu hafna innan Faxaflóahafna sf. Það verkefni var unnið í ljósi þess að árið 2013 voru 100 ár liðin frá upphafi hafnargerðar í Gömlu höfninni í Reykjavík og árið 2017 verða 100 ár liðin frá því að framkvæmdum lauk. Mikil mannlífs- og efnahagssaga er samofin starfsemi í Gömlu höfninni og önnur hafnarsvæði eiga sér einnig merkilega sögu um þróun og starfsemi. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur vann verkefnið og var það gefið út í nóvembermánuði í tveimur bindum af útgáfufyrirtækinu Uppheimum ehf. Við útgáfu ritsins veittu Faxaflóahafnir sf. styrki til samfélagsverkefna í sveitarfélögum eignaraðila.

Í október 2013 héldu Faxaflóahafnir sf. árlegt málþing með notendum hafnarinnar í Hörpu og tókst það ágætlega og að vanda var Hátíð hafsins haldin fyrstu helgina í júnímánuði. Um leið og minnst var 100 ára frá upphafi hafnargerðar í Reykjavík var haldið upp á 70 ára afmæli Sjómannadagsráðs.

Í tengslum við byggingu nýrrar frystigeymslu HB Granda hf. á Norðurgarði efndi HB Grandi hf. til samkeppni um gerð umhverfislistaverks við frystigeymsluna. Niðurstaða samkeppninnar var sú að hlutskörpust var tillaga Ólafar Nordal. Verkið, sem ber nafnið Púfan, var vígt í lok desember 2013 og setur það nú mikinn svip á hafnarsvæðið. Við byggingu frystigeymslunnar var haft samráð við Minjastofnun



um endurröðun á grjóti í Norðurgarðinum, en garðurinn er friðaður eins og grjóthleðslur í Suðurbugt og á Ingólfsgarði.

Faxaflóahafnir sf. eiga hluti í hlutafélagunum Eignarhaldsfélaginu Speli hf. og Halakoti ehf. Eignarhaldsfélagið Spölu hf. er eigandi hlutafjár í Speli ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Rekstur þess félags er samkvæmt þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar göngunum og er gert ráð fyrir að uppgreiðslu lána þar ljúki á árinu 2018 og að Hvalfjarðargöng verði afhent ríkissjóði til eignar og rekstrar um mitt ár 2019. Halakot ehf. var stofnað til að byggja aðstöðu fyrir smærri útgerðaraðila á Akranesi. Í húsinu sem reist var á árinu 2011 og 2012 eru sex mismunandi stór bil og eru fjórar einingar seldar en Halakot ehf. á enn tvær einingar, sem eru til sölu.

Niðurlag

Sem fyrr var ágætum áföngum náð á árinu 2013 hvort heldur sem lítið er til einstakra verkefna eða afkomu fyrirtækisins. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er sterk og það í stakk búið til að halda áfram þeim þróunarverkefnum hafnarsvæðanna, sem verða til þess fallin að styrkja innviði og athafnalíf. Faxaflóahafnir sf. njóta ekki styrkja ríkisins til framkvæmda og verða að treysta á eigin fjárráð og framkvæmdagetu. Því er það eigendum fyrirtækisins mikilsvært að fjárhagur fyrirtækisins sé traustur til þess að standa undir nauðsyn-

legum verkefnum. Sundahöfn er megingátt inn- og útflutnings á Íslandi og verður það áfram á næstu áratugum. Á Grundartanga bjóða aðstæður upp á aðstöðu fyrir framleiðslustarfsemi, sem án nokkurs vafa er efnahags- og atvinnulífi á starfssvæði fyrirtækisins nauðsynlegt. Með samspili Gömlu hafnarinnar í Reykjavík og á Akranesi er mikilvægt að búa vel að útgerð, fiskvinnslu og hafsækinni ferðaþjónustu þannig að þær greinar geti dafnað. Beint og óbeint skila Faxaflóahafnir sf. þannig arði til eigenda sinna og þeirra íbúa sem í sveitarfélögum þeirra búa. Sá arður verður einnig mældur í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins og viðleitni þess að mæta þeim eðlilegu umhverfiskröfum sem nú eru almennt gerðar til fyrirtækja. Tækifærin á framannefndum sviðum eru mörg og með samstilltu átaki eigenda og starfsfólks Faxaflóahafna sf. er fyrirtækið fært í flestan sjó.

Reykjavík, 30. apríl 2014


Hjálmar Sveinsson, *formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*




Reykjavíkurböfn

Landgerð 1900–2030



Skýringar	
Mörk hafnarsvæða	—
Strandlína 1900	—
Upprunalegt land	—
Landfylling til 2013	—
Væntanleg landfylling	—

Upprunalegt land: 174,6 ha
Fylling til 2013: 156,8 ha
Framtíðarfylling: 13,2 ha
Alls: 344,6 ha







Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2013 (í tonnum)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Innflutningur							
Olía	484.852	436.514	452.345	365.080	374.154	342.297	372.697
Vörur til stóriðju	980.957	805.701	994.166	1.042.311	1.110.674	1.092.338	1.200.988
Bífreiðar	38.718	22.392	3.580	5.598	9.885	14.832	15.404
Byggingavörur	196.809	101.543	67.800	67.305	69.394	69.928	71.413
Laust korn	85.623	60.846	25.130	57.855	74.569	75.107	72.320
Ýmsar vörur	817.752	670.816	456.222	396.341	463.669	465.674	468.820
	2.604.711	2.097.812	1.999.243	1.934.491	2.102.346	2.060.176	2.201.642
Útflutningur							
Vörur frá stóriðju	357.680	445.038	394.703	363.403	350.453	459.066	422.407
Sjávarafurðir	206.086	260.983	280.426	261.690	252.186	272.549	270.284
Ýmsar vörur	238.063	162.889	162.263	99.164	183.802	170.030	121.056
	801.829	868.910	837.392	724.257	786.441	901.645	813.747
Strandflutningar							
Frá höfn	182.824	123.984	182.386	123.131	95.734	15.254	46.255
Til hafnar	410	1.503	2.977	0	0	0	4.920
	183.234	125.487	185.363	123.131	95.734	15.254	51.175
Milliflutningar	49.146	40.170	64.720	34.938	36.116	51.711	79.055
Alls:	3.638.920	3.132.379	3.086.718	2.816.816	3.020.637	3.028.786	3.145.619
Dæld steinefni	1.305.086	956.215	361.680	204.000	203.000	116.780	209.950
Landaður afli	163.274	126.767	119.618	135.355	149.087	155.493	139.932
Alls:	5.107.280	4.215.361	3.568.016	3.156.171	3.372.724	3.301.059	3.495.501

Innflutningur um hafnir Faxaflóahafna (í tonnum)



Skipting innflutnings um hafnir Faxaflóahafna



Fjöldi skipa um hafnir Faxaflóahafna

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Flutningaskip	601	574	451	420	424	448	503
Tankskip	155	134	145	135	125	128	141
Farþegaskip	76	82	80	77	68	82	80
Rannsóknar- og varðskip	92	86	82	83	73	93	70
Togarar og fiskiskip	762	625	711	753	742	685	634
Önnur skip	23	24	35	45	22	35	44
Samtals	1.709	1.525	1.504	1.513	1.454	1.471	1.472



Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna í gámaeiningum (TEU)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Til hafnar							
Hlaðnir	136.626	113.025	72.421	77.489	82.833	89.207	92.582
Tómir	12.160	19.737	24.018	19.019	19.620	22.699	31.589
	148.786	132.762	96.439	96.508	102.453	111.906	124.171
Frá höfn							
Hlaðnir	58.298	62.947	62.535	60.665	61.213	63.848	66.781
Tómir	84.664	71.442	34.842	35.605	36.184	44.764	50.905
	142.962	134.389	97.377	96.270	97.397	108.612	117.686
Samtals							
Hlaðnir	194.924	175.972	134.956	138.154	144.046	153.055	159.363
Tómir	96.824	91.179	58.860	54.624	55.804	67.463	82.494
	291.748	267.151	193.816	192.778	199.850	220.518	241.857



Þjóðerni og fjöldi farþega skemmtiferðaskipa sem fara um hafnir Faxaflóahafna

Land	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Þýskaland	19.275	21.817	22.119	20.604	20.841	21.404	25.564	22.378	35.039	31.140
England	6.428	13.582	15.383	17.265	17.537	16.987	13.859	13.536	22.754	15.337
USA	11.453	8.095	7.550	5.528	8.531	15.774	10.917	10.695	14.400	28.944
Frakkland	1.816	1.742	1.903	2.658	1.451	1.550	3.354	2.963	3.031	853
Ástralía	767	203	286	370	455	499	625	1.041	2.468	941
Kanada	179	828	1.559	874	1.294	2.243	1.271	1.997	2.424	215
Sviss	658	777	560	607	1.035	947	931	1.315	1.608	2.833
Austurríki	735	513	805	616	743	862	965	1.127	1.389	1.290
Holland	396	452	547	404	1.415	977	1.383	819	1.196	1.191
Ítalía	583	1.689	1.215	1.031	1.296	1.336	2.192	1.270	1.093	828
Spánn	19	486	492	462	693	828	4.682	345	624	280
Belgía	106	586	170	427	581	540	612	627	463	1.693
Rússland	1.018	660	595	238	531	243	264	257	330	823
Noregur	241	27	24	275	50	69	68	102	209	995
Svíþjóð	23	35	51	371	179	415	765	391	117	195
Önnur Lönd	933	3.303	1.964	1.799	2.676	4.193	2.681	3.810	4.809	4.854
Samtals	44.630	54.795	55.223	53.529	59.308	68.867	70.133	62.673	91.954	92.412
Ferðir	70	77	74	76	83	80	74	67	81	80
Meðaltal	638	712	746	704	715	861	948	935	1.135	1.155

Landaður afli í Reykjavík 2012 og 2013 (tonn)



Landaður afli á Akranesi 2012 og 2013 (tonn)



Tónlistarmenn voru á öllum aldri á Hátíð hafsins.



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Ársreikningur Faxaflóahafna sf. 2013



Áritun hafnarstjórnar og hafnarstjóra

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 587,6 millj.kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 11.333 millj.kr., en nam um 10.918 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 68 og launagreiðslur félagsins námu um 536,6 millj.kr. á árinu.

Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%


Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2014



Gísli Gíslason, hafnarstjóri




Hjálmar Sveinsson



Páll Hjaltason



Oddný Sturludóttir



Júlíus Vífill Ingvarsson



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir



Sveinn Kristinsson



Páll Brynjarsson



Sigurður Sverrir Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Faxaflóahafna sf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

